

Bæjarráð Fjallabyggðar

Gránugötu 24.

580. Siglufjörður

Siglufirði 5. janúar 2022.

Efni: Byggðakvóti fiskveiðiárið 2021/2022


Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur úthlutað almennum byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2021/2022.

Úthlutunin byggir á þeim reglum sem fram koma í 4. gr. reglugerðar nr. 919/2021, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2021/2022, og upplýsingum frá Fiskistofu um samdrátt í botnfiskafla, botnfiskaflamarki og vinnslu botnfisks annars vegar og **samdrætti í rækju**- og skelvinnslu hins vegar frá fiskveiðiarinu 2011/2012 til fiskveiðisins 2021/2022.

Rammi hf. vill vekja athygli bæjarráðs á því að öll úthlutunin til Siglufjarðar er til komin vegna samdráttar í rækjuveiðum- og vinnslu. Rammi hf. er eina siglfirska fyrirtækið sem stundað hefur rækjuvinnslu frá fiskveiðiarinu 2011/2012 til fiskveiðisins 2021/2022.

Rammi hf. fer þess á leit við bæjarráð að reglur þær sem ráðið kann að setja taki fullt tillit til þessa og byggðakvóti fiskveiðiárið 2021/2022 fari óskertur á skip félagsins, Múlaberg SI - 22.

Virðingarfyllt



Ólafur Helgi Marteinson framkvæmdastjóri

